



Reykjavík, 19. maí 2025

VEL25050031

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Flutningur virkniúrræðisins Smiðjunnar í Skeifuna 8

Forsaga:

Smiðjan er virkniúrræði fyrir fatlað fólk sem hefur verið starfrækt í 25 ár í Bæjarflöt í Grafarvogi. Alls sækja 29 þjónustunotendur virkniúrræðið og 30 starfsmenn vinna þar. Stuðningsþarfir þjónustunotenda eru fjölbreyttar en allir eru með einhverfu og þroskaskerðingu. Bæjarflöt er 965 fermetra húsnæði á tveimur hæðum og er ýmiskonar aðstaða til staðar s.s. vinnustofa fyrir handverk, eldhús, matsalur, íþróttasalur og garður utandyra með leiktækjum.

Árið 2000 var gerður húsaleigusamningur um Bæjarflöt til 25 ára, lokadagsetning samnings var 31. janúar 2025. Nýir húseigendur tóku við eigninni árið 2023. Í sumarlok árið 2024 hófst samtali milli eignarskrifstofu borgarinnar og nýrra húseigenda um endurnýjun leigusamnings. Ekki náðust samningar milli aðila. Þann 26. janúar bauð eignaskrifstofa velferðarsviði að skoða húsnæði Skeifunnar 8 sem mögulegt húsnæði fyrir Smiðjuna. Þrír fulltrúar frá skrifstofu málaflokks fatlaðs fólks skoðuðu Skeifuna og niðurstaðan var að húsnæðið gæti mætt þörfum Smiðjunnar og fleiri úrræða á vegum Vinnu og virkni. Skeifan 8 er 1.752 fm á einni hæð. Þann 25. mars var samþykkt í borgarráði að Smiðjan flytti úr Bæjarflöt í Skeifuna 8.

Eignaskrifstofa fór þess á leit við forstöðumann Smiðjunnar að veita ekki upplýsingar til þjónustunotenda, aðstandenda eða starfsmanna um Skeifuna fyrr en borgarráð hefði samþykkt að taka húsnæðið á leigu. Jafnframt var forstöðumaður upplýstur um að tæma þyrfti Bæjarflöt fyrir 1. júní. Í kjölfar samþykktar borgarráðs var haldinn starfsmannafundur með starfsmönnum Smiðjunnar þar sem forstöðumaður kynnti að nýtt húsnæði Smiðjunnar yrði í Skeifunni 8. Nokkrum dögum síðar fóru starfsmenn og skoðuðu húsnæðið. 20 þjónustunotendur Smiðjunnar búa í íbúðakjörnum fyrir fatlaða og var fyrsti upplýsingapóstur um flutningana sendur þann 1. apríl á íbúðakjarna Reykjavíkurborgar. Upplýsingapóstur var sendur á aðstandendur 16. apríl en áður hafði forstöðumaður Smiðjunnar haft samband símleiðis við nokkra aðstandendur.

Fjórir aðstandendur hafa skoðað húsnæðið í Skeifunni 8. Einnig hafa fulltrúar Þroskahjálpar og fulltrúar Einhverfusamtakanna skoðað húsnæðið. Til stóð að bjóða öllum aðstandendum að skoða Skeifuna 8 núna um miðjan maí en ekki fékkst leyfi hjá eigendum og eignaskrifstofu um að gera það þar sem framkvæmdir standa yfir og óskað er eftir sem minnstri truflun og raski. Skoðun aðstandenda hefur því verið frestað til mánaðamóta maí/júní.



Reykjavík



Staðan í dag:

Unnið var strax í því að fá framkvæmdaleyfi fyrir Skeifuna 8 og hófust framkvæmdir við umbætur á húsnæðinu í kjölfarið. Helstu framkvæmdir felast í því að gera úrbætur á salernum, eldhúsi, matsal, lyftu, rampi og vegna brunavarna. Samhliða fór fram vinna við að fá öll tilskilin leyfi frá opinberum aðilum, þ.e. frá byggingarfulltrúa, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Í forvinnu fór fram þarfagreining og vinna við að teikna allt húsnæðið upp með lýsingu á breytingum. Ekki næst að setja upp veggi til að stúka af húsnæðið áður en flutt verður inn. Afstúkun rýma er mikilvæg fyrir starfsemina og því verða sett upp skilrúm tímabundið. Stefnt er að því að umbótum iðnaðarmanna verði lokið 15. maí, öryggisúttekt verði klár 22. maí og starfsemi Smiðjunnar verði flutt inn 1. júní enda þarf Reykjavíkurborg að skila af sér húsnæðinu að Bæjarflöt þann 1. júní.

Bent hefur verið á að ný staðsetning úrræðisins í Skeifunni er í nálægð við mikla umferð og að ekki er grænt svæði umhverfis húsið. Starfsfólk fylgir þjónustunotendum og því er hægt að gæta fyllsta öryggis þegar notendur eru að sækja þjónustuna. Gott aðgengi er að útivistarsvæðum þar sem Laugardalurinn er í næsta nágrenni og sumir þjónustunotendur geta auðveldlega gengið þangað. Fyrir þá sem ekki geta gengið í dalinn verður boðið upp á að fara með bíl.

Ljóst er að tímarammi er afar þröngur fyrir flutninga á starfseminni þar sem þjónustunotendur eru viðkvæmur hópur sem margir þurfa langan aðlögunartíma þegar umhverfi og aðstæður breytast. Allra nauðsynlegustu umbótum á húsnæðinu í Skeifunni 8 verður lokið þegar það verður tekið í notkun en aðrar umsamdar breytingar munu fara fram eftir það tímamark og því má gera ráð fyrir raski og truflun á umhverfinu fyrir þjónustunotendur í einhvern tíma eftir flutninga. Eignaskrifstofa borgarinnar hefur óskað eftir því við húseigendur Bæjarflatar að framlengja lokadagsetningu samnings (þ.e. viðauka við húsaleigusamning) en húseigendur hafa ekki fallist á það.



Reykjavík